

Mál nr. 120/2006

M
og
Vátryggingafélagið X v/B
og
Vátryggingafélagið Y v/A

Árekstur hringtorgi Fífuhammsvegi Kópavogi þann 10.05. 2006

Gögn.

1. Málskot móttakið 23.06. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 04.07. 2006.
3. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 17.07. 2006, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa, afstöðu aðila og frásagnir sjónarvotta. Bifreiðunum var ekið inn í hringtorgið á mótum Dalsmára og Fífuhamms. A var ekið austur Fífuhammsveg en B var ekið norður Dalsmára.

Vátryggingafélag B telur að ekki sé hægt að segja með vissu að A hafi verið kominn á innri hring í torginu, félagið telur líklegt að ökuhraði A hafi verið of mikill því B valt við áreksturinn.

Vátryggingafélag A telur að B beri ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka í veg fyrir A.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum þ.á m. frásögn ökumanns sem staddur var við hringtorgið, ber ökumaður B ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka í veg fyrir A sem ók um hringtorgið.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á A.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 1. ágúst 2006

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.